



Ársskýrsla 2019



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI



AKUREYRI 2020

Inngangur

Héraðsskjalasafnið á Akureyri starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn frá 1994. Safnið starfar einnig skv. samþykkt um Héraðsskjalasafnið á Akureyri sem síðast var breytt og staðfest í nóvember 2012.

Hlutverk safnsins er m.a.

- Að taka við og innheimta skjöl og önnur gögn frá afhendingarskyldum aðilum.
- Leitast við að afla annarra heimilda en frá afhendingarskyldum aðilum til að tryggja sem best að heimildir um þjóðarsöguna varðveitist.
- Varðveita skjöl og önnur gögn safnsins.
- Hafa til reiðu skjöl, ásamt skrá og upplýsingum um þau og veita aðgengi að þeim í samræmi við lög.
- Skapa aðstöðu fyrir notendur, leiðbeina um notkun skjala í vörslu safnsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim eins og kostur er.
- Leiðbeina og hafa eftirlit með skjalavörslu afhendingarskyldra aðila samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn, reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og reglum sem lúta að skjalavörslu.
- Gangast fyrir rannsóknum sem tengjast safnkosti eftir því sem fjárheimildir leyfa á hverjum tíma.
- Vinna að því að gera skjöl aðgengileg almenningi, s.s. á vef safnsins eða með öðrum hætti, og veita fræðslu um sögu þjóðarinnar eða byggðarlagsins á grundvelli skjala í vörslu þess.

Starfssvæði Héraðsskjalasafnsins á Akureyri nær yfir fimm sveitarfélög við Eyjafjörð, frá Hörgársveit vestan fjarðar til og með Grýtubakkahreppi austan Eyjafjarðar. Sveitarfélögin eru Akureyri ásamt Grímsey og Hrísey, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Íbúar á svæðinu voru 21.576 þann 1. desember 2019.



Héraðsskjalavörður ásamt tveimur sumarstarfsmönnum, þeim Brynjari Steini Gylfasyni og Ívan Guðmundssyni. Með aðstoð þeirra var hægt að fara í miklar tilfærslur og tiltektir í geymslum safnsins.

Safnið er opið öllum sem á þjónustu eða upplýsingum þurfa að halda, hvort sem það er vegna vinnu, verkefna eða áhugamála. Safnið er opið virka daga 10.00 – 16.00.

Á árinu 2019 voru stöðugildin á safninu tvö, líkt og undanfarin ár. Starfsmenn voru Lára Ágústa Ólafsdóttir héraðsskjalavörður og Kristín María Hreinsdóttir skjalavörður. Safnið naut einnig liðstyrks Aðalbjargar Sigmarsdóttur fv. héraðsskjalavörðar við miðlunarverkefnið og hluta ársins var Sunnefa Lind Þórarinsdóttir við störf á safninu.

Starfsemi

Starfið á árinu 2019 var með svipuðu sniði og árin á undan, þó með þeirri undantekningu að þann 1. júlí var haldið upp á 50 ára afmæli safnsins. Safnið var formlega stofnað 1. júlí 1969 en fyrsti skjalavörðurinn tók til starfa í ársbyrjun 1968. Á afmælisdeginum var boðið upp á kaffi og kökur með hefðbundnu lagi, listamaðurinn Flammeus (Jón Tumi Hrannar-Pálmason) spilaði tvö lög og þrjár af fastagestum safnsins fluttu stutt erindi. Þessir fastagestir voru Aðalheiður Steingrimsdóttir sagnfræðingur, sem kynnti fyrir okkur rannsóknir sínar um Elísabetu Eiríksdóttur kennara og bæjarfulltrúa til margra ára hér á Akureyri; Valdimar Gunnarsson fv. menntaskólakennari sagði okkur safninu þegar hann var héraðsskjalavörður árin 1974-76 og loks sagði Jón Hjaltason sagnfræðingur okkur sitthvað um rannsóknir sínar og aðstæður fræðimanns á safninu.




Hluti gesta í afmælisveislunni. Þekktir eru frá vinstri: Ragnheiður Sveinsdóttir, Katrín Björg Ríkarðsdóttir áður skjalavörður á safninu, Hlynur Hallsson, Þórgnýr Dýrfjörð, Aðalheiður Steingrimsdóttir, Jón Hjaltason, Valdimar Gunnarsson fv. héraðsskjalavörður, Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður og Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir.

Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs á Þjóðskjalasafni komu í heimsókn í júní. Þau voru á ferð um Norðurland og sóttu heim héraðsskjalasöfn frá Akureyri vestur til Hvammstanga.

Árið 2019 komu 602 gestir á Héraðsskjalasafnið en það var heldur færra en árið þar á undan. Um þriðjungur gestanna voru konur sem er líkt hlutfall og nokkur árin á undan. Að meðaltali koma rúmleg tveir gestir á hverjum degi. Erindin eru eins mörg og gestirnir eru margir og langflestir dvelja um stund, sumir jafnvel allan daginn. Útlán á árinu voru 4878 og eru þá meðtaldar uppflettingar starfsfólksins vegna afgreiðslu fyrirspurna.

Aukning á safnkosti 2011-2019



Umfang pappírsskjala er mælt í hillumetrum en þá er mælt hversu mikið pláss skjölin taka í hillunni. Svo dæmi sé tekið þá tekur ein skjalaaskja mismikið pláss í hillunni eftir því hvort hún liggur eða er upp á rönd. Svo er einnig talað um fjölda afhendinga en ein slík er það sem einn aðili afhendir á hverjum tíma. Ef afhendingarnar eru 85 þá þýðir það að 85 sinnum á árinu 2019 komu einhverjir og færðu okkur skjöl.

Það er misjafnt hvað bætist mikið við á hverju ári, bæði hvað varðar fjölda afhendinganna og svo einnig hvað hillumetrarnir eru margir. Afhendingarnar geta verið allt frá einu blaði upp í einhverja tugi hillumetra og ástand skjalanna er einnig misjafnt. Það væri ákjósanlegast að geta sett afhendingarnar beint upp í hillu en oft sá möguleiki ekki fyrir hendi og þá er það undir starfsfólkinu komið að ganga frá skjölunum með viðeigandi hætti. Síðustu tvö ár hefur u.þ.b. helmingur skjalanna verið frágenginn og farið beint upp í hillu.



Á myndunum má sjá misjafnan frágang á afhendingum.

Fundir og fræðsla

Héraðsskjalavörður sótti vorkund opinberra skjalasafna, sem haldinn var í Reykjavík 4. og 5. apríl. Meðal þess sem fjallað var um á fundinum var hlutverk samráðshóps opinberra skjalasafna, söfnun einkaskjalasafna, rannsóknir hjá opinberum skjalasöfnum, eftirlit Þjóðskjalasafns með starfsemi héraðsskjalasafna, úrbótaáætlanir héraðsskjalasafna, frumkvæðisskylda opinberra skjalasafna og eftirlit og sjálfstæði héraðsskjalasafna.

Í maímánuði hittist starfsfólk héraðsskjalasafna á Norðurlandi á Sauðárkróki. Tilfnið var undirbúningur og hugsanlegt samstarf opinberra skjalasafna um rafræna varðveislu. Á fundinn mætti Júlía Sighvats en hún þekkir vel til málsins. Í júní var síðan haldið áfram á svipuðum nótum en þá kom starfsfólk héraðsskjalasafna á Norður- og Austurlandi saman hér á Akureyri og hlýddu á fyrirlestur S. Andreu Ásgeirsdóttur um yfirferð tilkynninga rafrænna skráa, gagnagrunna og rafrænna skjalavörslukerfa.

Ráðstefna og fræðslufundur Félags héraðsskjalavarða á Íslandi var haldinn í Borgarnesi 10. og 11. október og tók héraðsskjalavörður þátt í henni. Að þessu sinni var fjallað um rannsóknir á opinberum skjalasöfnum, framtíð héraðsskjalasafna, umbótaáætlanir, frumkvæðisathuganir, eftirlitshlutverk safnanna, listaverk á skjalasöfnum, verkefnastyrki Þjóðskjalasafns til miðlunar á safnefni og þingeyksveitablöð. Í lokin sagði Óskar Guðmundsson rithöfundur frá rannsóknum sínum á Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar.

Það er mjög gagnlegt og nauðsynlegt að taka þátt í þessum árlegu ráðstefnum héraðsskjalavarðanna. Þar hittist fólk sem vinnur í sama umhverfi og ræðir fagleg málefni. Heim kemur maður endurnærður.



Frá haustfundinum í Borgarnesi. Þórir Helgi Sigvaldason Borgarskjalasafni ræðir um stöðu skjalavarða við eftirlit með æðra stjórnvaldi.

Í nútímasamfélagi er færni í notkun samfélagsmiðla nauðsynleg til þess að ná til fólks og í því skyni að verða betur fær á þeim vettvangi tók héraðsskjalavörður þátt í námskeiðinu *Hagnýtt hraðnámskeið í samfélagsmiðlum*. Námskeiðið var haldið á vegum símenntunar Háskólans á Akureyri og þar var einkum fjallað um möguleika til miðlunar og auglýsinga á facebook og instagram.

Sýningar

Héraðsskjalasafnið hefur yfir að ráða tveimur sýningarskápum og hefur á undanförunum árum haft þar örsýningar á skjölum. Þessar sýningar er örsýningar í þeim skilningi að bæði standa sýningarnar í skamman tíma og eins eru þær litlar að umfangi.

Á árinu 2019 voru örsýningarnar þrjár. Í byrjun ársins hófst sýning sem bar yfirskriftina *Með hnetum og rúsinum*. Þar voru sýnd skjöl sem tengjast mat með ýmsum hætti, s.s. matreiðslubækur, minnislistar fyrir innkaupaferðina í matvörubúðina, umbúðir af súkkulaði og fleira sælgæti.

Í maí var sýningin *Á láði og legi* sett upp. Þar var gengið út frá misjöfunum möguleikum okkar til ferðalaga og sýnd skjöl tengd Strætisvögunum Akureyrar og áætlunarbátum hér í Eyjafirði.

Í byrjun aðventunnar voru dregin fram jólakort úr safni Ingunnar Kristjánsdóttur og sett í skápana. Ingunn afhent safninu hluta af kortasafni sínu í nóvember 2008 og síðan þá höfum við ósjaldan notað kort frá henni af ýmsum tilefnum.

Á skjaladaginn 9. nóvember lagði safnið til efni á sameiginlegan vef opinberra skjalasafna. Yfirskrift dagsins var *Geymt en ekki gleymt* og má til sanns vegar færa að ýmislegt gott er geymt á skjalasöfnum sem þó er ekki gleymt og full ástæða til að draga fram í dagsljósið. Í október og nóvember voru skipulagsmál á Oddeyrartanga mikið rædd í samfélaginu og því voru greinar safnsins á skjaladagsvefnum tengdar mannlífi og sorphaugum á Oddeyrartanganum og sambýli íbúa á Oddeyrinni við Glerá.



Skáparnir eru á stigapallinum fyrir framan Héraðsskjalasafnið.

Miðlunarverkefni

Síðan 2016 hefur Héraðsskjalasafnið notið styrkja frá Þjóðskjalasafnið til þess að mynda og setja á vefinn skjöl úr safninu. Myndaðar hafa verið gjörðabækur sveitarfélaga, virðingabækur, íbúaskrár á Akureyri og á árinu 2019 voru mynduð bréf hreppstjóra og sveitarfélaga. Alls hafa verið myndaðar 239 bækur og eru myndirnar á vefnum orðnar rúmlega 48.000. Með þessu móti hefur fólk tækifæri til þess að skoða skjölin heima hjá sér en miðað er við að skjölin séu orðin 80 ára þegar þau eru birt á vefnum.

Rekstraryfirlit 2019

Eins og segir í 4. gr. Samþykktar fyrir Héraðsskjalasafnið á Akureyri (2012) er Akureyrarkaupstaður rekstraraðili safnsins en þau sveitarfélög sem að safninu standa leggja til rekstrarfé í hlutfalli við íbúafjölda skv. manntali 1. desember næstliðins árs. Ríkissjóður styrkir safnið árlega og ákvarðast sú fjárhæð af fjárlögum hvers árs. Á árinu fékk safnið einnig verkefnastyrk frá Þjóðskjalasafni Íslands til skönnunar og miðlunar á safnefni.

Rekstrarkostnaður alls kr. 53.247.759.-

40	Tekjur - Framlag ríkissjóðs	855.000cr
40	Tekjur – Verkefnastyrkur Þjóðskjalasafns Íslands	2.860.000cr
40	Tekjur - Sveitarfélög utan Akureyrar	5.110.760cr
51	Launakostnaður/starfsmannakostnaður	21.823.514.-
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	2.073.140.-
54	Húsaleiga/lausafjárleiga Fasteignafélags Ak.	24.855.767.-
54	Önnur þjónustukaup/ræsting	4.495.338.-

Akureyrarkaupstaður kr. 44.414.499.-

Afhendingar 2019 - yfirlit

Aðf.nr	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2019/1	Vistheimilið Sólborg	0,32	Bjarni Kristjánsson, framkvæmdastjóri og Svanfríður Larsen
2019/2	Gunnar Jónsson frá Villingadal	0,05	Gunnar Jónsson
2019/3	Alþýðubandalagið á Akureyri	0,42	Heimir Björn Ingimarsson
2019/4	Akureyrarbær - íbúaskrár	6,01	Brynja Björk Pálsdóttir bæjarskrifstofum
2019/5	Góðtemplarareglan á Akureyri	0,26	Haraldur Þór Egilsson Minjasafninu
2019/6	Þorleifur Hólm (1910-1986) múrari Siglufirði	0,05	Kristinn Hólm
2019/7	Áhugaljósmyndaklúbbur Akureyrar ÁLKA	0,21	Helga H. Gunnlaugsdóttir
2019/8	Gunnlaugur Búi Sveinsson og Signa Hallsdóttir	0,27	Helga H. Gunnlaugsdóttir
2019/9	Öldrunarheimilið Hlíð	1,73	Linda Björk Tryggvadóttir
2019/10	Bjarni E. Guðleifsson náttúrufræðingur	0,36	Bjarni E. Guðleifsson
2019/11	Kvenfélag Hríseyjar	0,03	Tinna Lind Sigurbjörnsdóttir
2019/12	Marz Friðjón Rósantsson (1912-1981) bóndi	0,05	Helgi Friðjónsson
2019/13	Sverrir Pálsson og Ellen Pálsson	2,39	Lárus Sverrisson
2019/14	Sigurður Jósefsson frá Torfufelli	0,03	Jón Hlynur Sigurðsson
2019/15	Gunnar Jónsson Akureyri /Minjasafn	0,03	Ragna Gestsdóttir Minjasafninu
2019/16	Bridgefélag Akureyrar	0,82	Reynir Helgason
2019/17	Amtsbókasafn	0,05	Guðrún Kristín Jónsdóttir

Aðf.nr.	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2019/18	Búnaðarbankinn á Akureyri	0,03	Bergur Steingrímsson
2019/19	Sigurður Randversson (1939-2018)	0,05	Katrín Benjamínsdóttir
2019/20	MENOR Menningarsamtök Norðlendinga	0,3	Svanhildur Hermannsdóttir
2019/21	María Aldís Pálsdóttir (1907-1994) húsmóðir Hrísey	0,03	Jórunn Jörundsdóttir Hafnarfirði
2019/22	Bjarni E. Guðleifsson (1942-2019) náttúrufræðingur	0,05	Bjarni E. Guðleifsson
2019/23	Hápunkturinn/Stuðningsfélag Punktsins	0,12	Guðmundur Ármann Sigurjónsson
2019/24	Myndhópurinn	0,05	Guðmundur Ármann Sigurjónsson
2019/25	Axel Hartmann Eymundsson (1929-2019) múrari	1	Dóra Hartmannsdóttir
2019/26	Slökkvilið Akureyrar	9,97	Ólafur Stefánsson slökkviliðsstjóri
2019/27	Andrésar Andar leikarnir	1,52	Þóra Leifsdóttir
2019/28	Ingibjörg Tryggvadóttir (1935-2010) þjónn	0,16	Dóra Hartmannsdóttir
2019/29	Íþróttabandalag Akureyrar	0,16	Þóra Leifsdóttir
2019/30	Íþróttta og tómstundafulltrúi	0,13	Þóra Leifsdóttir
2019/31	Kristín Halldórsdóttir (1935-1995), aðstoðarmaður iðjuþjálfara Akureyri	0,13	Sigríður Margrét Sigurðardóttir
2019/32	Eldvarnaeftirlit Eyjafjarðarsveitar	0,11	Ólafur Stefánsson slökkviliðsstjóri
2019/33	Læknafélag Akureyrar	0,41	Brynjólfur Ingvarsson
2019/34	Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga - Norðurlandsdeild	0,4	Anna Lísa Baldursdóttir
2019/35	Halldóra Sævarsdóttir (1953-) Akureyri	0,03	Halldóra Sævarsdóttir
2019/36	Arnarneshreppur	0,05	Þórhildur Sigurbjörnsdóttir Möðruvöllum
2019/37	Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi	0,03	Bjarni Kristjánsson
2019/38	Ari Friðfinnsson (1938-2019) húsgagna- og húsmóðir	0,03	Sigrún Ingimarsdóttir
2019/39	Skriðuhreppur	0,1	Hreiðar Aðalsteinsson Öxnhóli
2019/40	Félag aldraðra Akureyri	0,24	Dóra Steinunn Jónasdóttir
2019/41	Hollvinir Húna II	1,13	Þorsteinn Pjetursson
2019/42	Hörgársveit	7,24	Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri
2019/43	Þelamerkurskóli	0,5	Gylfi Pálsson
2019/44	Verslun Snorra Jónssonar Akureyri	0,05	Halldór Pétursson f.h. Hertex nytjamarkaðar
2019/45	Elísabet Jóhanna Sigurðardóttir (1913-2014) húsmóðir Akureyri	0,03	Ásta Einarsdóttir Dalvík
2019/46	Húsgagnabólstrun M. Sigurjónssonar	0,03	Birgir Sveinarsson
2019/47	Bannmenn á Akureyri	0,03	Jón Hjaltason sagnfræðingur
2019/48	Ungmennafélagið Dagsbrún Glæsibæjarhreppi	0,13	Jón Sigfússon
2019/49	Birgir Sveinarssonar (1952-)	0,03	Birgir Sveinarsson
2019/50	Akureyrarbær - umhverfis og mannvirkjasvið	3,15	Elín Dögg Guðjónsdóttir og Hjálmar Árnason
2019/51	Norðurorka	0,5	Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri Akureyrarbæ
2019/52	Bústólpi ehf	0,03	Gylfi Pálsson Akureyri
2019/53	Jónas Þórhallsson (1928-2010) bóndi	2,11	Jóhann Jóhannesson bóndi
2019/54	Kvennaframboðið á Akureyri	0,08	Elín Antonsdóttir og Lára Ellingsen

Aðf.nr	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2019/55	Kvennalistinn á Norðurlandi eystra	0,03	Elín Antonsdóttir og Lára Ellingsen
2019/56	Zontaklúbbur Akureyrar	0,03	Borgarbókasafn - Þóra Sigurbjörnsdóttir
2019/57	Stúkan Ísafold - Fjallkonan no 1	0,03	Hjálmar Gunnarsson Akureyri
2019/58	Melgerðismelar sf	0,31	Kristín Thorberg Litla-Dal
2019/59	Hestamannafélagið Funi	0,21	Kristín Thorberg Litla-Dal
2019/60	Hulda Jensson Schiöth (1903-1998) og Snorri Guðmundsson (1898-1987)	0,03	Hörður Geirsson Minjasafni
2019/61	Halldóra Sigfúsdóttir (1908-2002)	0,08	Hörður Geirsson Minjasafni
2019/62	Giljaskóli	4,5	Kristín Jóhannesdóttir/ Elín Eyjólfsdóttir
2019/63	Amtsbókasafnið	0,03	Sigrún Ingmarsdóttir
2019/64	Pengill Þórðarson (1896-1979) bankaféhirðir	0,03	Hörður Geirsson Minjasafni
2019/65	Eik hf Hrísey	0,13	Lilja S. Gunnarsdóttir skjalasafni Landsbankans
2019/66	Brunabótafélag Íslands - Hríseyjarumboð	0,03	Lilja S. Gunnarsdóttir skjalasafni Landsbankans
2019/67	Páll Steinþórsson Árdal (1924-2003) heimspekingur og prófessor Skotlandi	0,03	María Pálsdóttir Árdal, leikkona og leikskáld Kanada
2019/68	Bryndís Steinþórsdóttir (1928-2019) hússtjórnarkennari	0,05	Hjörtur Þórarinsson Reykjavík
2019/69	Valgerður Ósk Björnsdóttir (1917-2003) og Snorri Ólafsson (1910-1997)	0,05	Hörður Geirsson Minjasafni
2019/70	Jón Steindór Jónsson Norðmann (1858-1908)	0,05	Vésteinn Valgarðsson Reykjavík
2019/71	Steinþór Jóhannsson (1890-1964) kennari	0,03	Guðfinna Ásdís Arnardóttir
2019/72	Vistheimilið Sólborg	0,05	Bjarni Kristjánsson
2019/73	Sjálfsbjörg félag fatlaðra á Akureyri og nágrenni	0,23	Jósep Sigurjónsson
2019/74	Inga Sólnes (1910-2003) og Jón Sólnes (1910-1986)	0,13	Inga Sólnes
2019/75	Leikskólinn Krógaból	1,62	Anna R. Árnadóttir skólastjóri
2019/76	Erla Elísdóttir (1932-2010) og Leifur Tómasson (1932-1995)	0,37	Þóra Leifsdóttir
2019/77	Norðurlandsdeild Ljósmeðrafélags Íslands	0,13	Birgitta Nielsdóttir
2019/78	Kaupfélag Eyfirðinga	0,03	Sigurður Jóhannesson
2019/79	Grímseyjarskóli	0,4	Karen Nótt Halldórsdóttir skólastjóri
2019/80	Barði Brynjólfsson (1909-1970) málameistari	0,03	Brynja Barðadóttir
2019/81	Akureyrarbær - umhverfis og mannvirkjasvið	3,58	Elín Dögg Guðjónsdóttir og Hjálmar Árnason
2019/82	Styrktarfélag vangefinna Norðurlandi	0,03	Bjarni Kristjánsson
2019/83	Júdit Jónbjörnsdóttir (1906-1995) kennari	0,13	Sigurveig S. Bergsteinsdóttir og Gunnar Björgvinsson

Aðf.nr	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2019/84	Kvennasamband Eyjafjarðar	0,08	Sigurveig S. Bergsteinsdóttir og Gunnar Björgvinsson
2019/85	Sigurveig S. Bergsteinsdóttir (1953-) og Gunnar Björgvinsson (1952-)	0,03	Sigurveig S. Bergsteinsdóttir og Gunnar Björgvinsson

Hillumetrar alls: 55,71